

Fundur Samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga haldinn í síma, föstudaginn 23. mars kl 13.00. Mætt voru Sigurður Hreinsson, formaður, Ásgeir Jónsson, Ingibjörg Benediktsdóttir og Nanný Arna Guðmundsdóttir. Karl Kristjánsson boðaði forföll og ekki tókst að boða varamann hans. Auk þeirra sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri FV og ritaði fundargerð.

1. Dynjandisheiði.

Samkvæmt G reglu um snjómokstur og væntanlegrar páskahátíðar var hafinn mokstur um Hrafnseyrarheiði og Dynjandisheiði og honum lokið nú í byrjun vikunnar. Hrafnseyrarheiði er nú opinn fyrir fjórhjóladrifsbíla, en vegna mikillar aurbleytu og skemmda af þungaflutningum í tengslum við Dýrafjarðargöng á síðast hausti er vegurinn um Dynjandisheiði óökufær. Samgöngunefnd FV krefst þess að farið verði í viðgerðir á veginum þannig hann nýtist íbúum nú um páskahátíðina.

2. Fundur með Samgönguráði 5. apríl 2018.

Lagt fram bréf Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis fyrir hönd Samgönguráðs, frá 13. febrúar s.l.. Efni bréfsins er „Samgönguáætlun 2019-2033 og 2019-2023 samráðsfundur með Vestfirðingum“. Í framhaldi bréfsins hefur í samráði við Samgönguráð verið boðað til fundar á Ísafirði 5. apríl n.k. kl 13.00, en til vara á Hólmavík, sama dag og sama tíma, ef ekki er fært um Hrafnseyrarheiði og Dynjandisheiði. Boðaðir eru fulltrúar og varafulltrúar samgöngunefndar auk framkvæmdastjóra og starfanda oddvita sveitarfélaga.

Lögð fram drög að dagskrá fundarins að hálfu Samgönguráðs. Fundurinn verður tvískiptur, annars vegar SVÓT greining m.t.t. stöðu samgöngumála til ársins 2050, kynnt meginmarkmið Samgönguráðs, ráðuneytis og starfshópa um samgöngumálefni í nútíð og framtíð og kynnt afstaða Fjórðungssambands Vestfirðinga til hins sama. Hinsvegar kynning á stöðu framkvæmda í 4 ára og 12 ára samgönguráætlun. Í framhaldinu verða umræður.

Framkvæmdastjóra falið að kynna fundagestum dagskrá fundarins og stefnumörkun Fjórðungssambands Vestfirðinga frá fundi stækkaðar samgöngunefndar frá 23. ágúst 2017.

Rætt um skipulag kynnisferðar fyrir Samgönguráð áður en fundur hefst. Samþykkt að lögð verði áhersla á flugmál á norðanverðum Vestfjörðum en ef fundur verði á Hólmavík þá verði kynnt staða Vestfjarðavegar 60 um Gufudalssveit.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 13.45

Aðalsteinn Óskarsson.

